

Reglur um ferðakostnað, gistingu og fleira

Flugferðir: Þeir sem koma með flugi eru beðnir um að bóka sjálfir flug á vefnum og greiða og fylla síðan út ferðakostnaðareyðublað á fundinum. Þeir sem búa lengra en 30 km frá flugvelli fá greiddan akstur umfram 30 km samtals. Þeir sem koma með flugi fá greidda leigubíla innan Reykjavíkur til og frá fundarstað gegn framvísun kvittunar. Mikilvægt er að bóka flug sem fyrst til að ná lágum fargjöldum.

Akstur á eigin bifreið: Þeir sem koma akandi á eigin bifreið til fundar fá greiddan akstur samkvæmt kílómetragjaldi ef þeir búa í meira en 30 km fjarlægð frá fundarstað (samtals að og frá). Útlagður kostnaður vegna vegtolls (göng) er greiddur, ef um hann er að ræða.

Þeir sem eiga kost á flugi en kjósa að aka á eigin bifreið fá greidda upphæð sem nemur verði flugfarmiða að viðbættum akstri samkvæmt kílómetragjaldi að og frá flugvelli ef þeir búa í meira en 30 km (að og frá) fjarlægð frá flugvelli.

Þeir sem búa á sama svæði eru beðnir um að sameinast í bíla eins og kostur er.

Áætlunarbílar og ferjur: Þeir sem ferðast með áætlunarbíl eða ferju fá greitt fargjald og leigubíl til og frá fundarstað.

Gisting: Þeir sem þurfa á gistingu að halda eru beðnir um að hafa samband við Þröst Brynjarsson throstur@ki.is í síðasta lagi **8. apríl**.

Þeir sem hafa ekki samband fyrir þann tíma verða að útvega sér gistingu sjálfir á eigin kostnað.